

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingar fyrir Botnsvirkjun og Hvallátursvirkjun

Búið til	21.5.2021 14:06:00
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	21.5.2021 14:05:58
Tilheyrir	202105-0029 - Skipulags- og matslýsingar vegna virkjana í Dýrafirði

Efni

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingar fyrir Botnsvirkjun og Hvallátursvirkjun

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	21.5.2021 14:05:58	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	heidajack@isafjordur.is

Innihald

Góðan daginn,

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur gert umsögn um áformaða skipulagsgerð í botni Dýrafjarðar vegna tveggja vatnsaflsvirkjana.

Umsögnin fylgir hér á eftir í tölvupóstinum.

Tilvísun í mál nr. 202105-0029 (SS).


Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsti skipulags- og matslýsingar fyrir Botnsvirkjun og Hvallátursvirkjun í Dýrafirði, skv. 40. gr. skipulagslaga 123/2010. Formleg umsagnarbeiðni var ekki send til Náttúrufræðistofnunar Íslands en stofnunin vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri er varða bæði skipulagsáform.

Þar sem um lýsingu að deiliskipulagi er að ræða fyrir báðar virkjanir, liggja ekki fyrir endanlegar tillögur að staðsetningu, eðli og umfangi þeirra mannvirkja og framkvæmda sem felast í virkjunaráformunum. Því eru ábendingar Náttúrufræðistofnunar á þessu stigi almenns eðlis í ljósi þekkingar um svæðið og áhrif virkjanaframkvæmda af þessum toga. Stofnunin áskilur sér rétt á að koma með frekari ábendingar á síðari stigum skipulagsferilsins.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Af einhverjum ástæðum eru mörk deiliskipulagsins fyrir Hvallátursvirkjun lätin ná mun styttra austur fyrir ána en vestur fyrir. Er einhver tiltekin ástæða fyrir því?

Í botni Dýrafjarðar eru setlagasýrpur um 13,5 milljón ár. Í þeim hafa fundist steingerðar gróðurleifar og surtarbrandur. Best þekkti fundarstaðurinn er í fjallinu Töflu ofan við bæinn Ketilseyri og er á náttúruminjaskrá. En sömu setlög eru við botn Dýrafjarðar eins og sjá má á þessu korti og æskilegt væri að skoða það nánar hvort steingerðar leifar séu á væntanlegu framkvæmdasvæði.



Engar upplýsingar um fuglalíf er að finna sem varða fyrirhuguð framkvæmdasvæði beinlínis, einungis er vitnað í athuganir á sjálfum firðinum sem gerðar voru fyrir hartnær 20 árum. Þess má geta að óðul hafarnar og fálka eru botni í Dýrafjarðar sem óhjákvæmilega munu verða fyrir raski ef af framkvæmdum verður.

Fram kemur í lýsingu á Botnsvirkjun að línarfi, sem er friðuð plöntutegund, sé skráður á svæðinu en að hann hafi ekki fundist í leit árið 2015. Línarfinn er einnig á valista æðplantna frá 2018 þar sem hann er metinn í nokkurri hættu. Önnur friðuð tegund, dvergtungljurt, hefur einnig fundist á þessum slóðum. Sú tegund er ekki á valista en tilefni er til að gera nánari úttekt á gróðurfari svæðisins með það í huga að athuga mögulega útbreiðslu þessara tegunda.

Fjalla þarf um á nákvæmari hátt hvort og hvernig aðveituskurðir sem staðsettir verða í allt að 450 m h.y.s. hafi áhrif á vötn á Glámuhálendinu.

Eins og kemur fram í báðum skipulagslýsingum hefur Náttúrufræðistofnun lagt til að 11,9 ferkílómetra sjávar- og fjörusvæði í innanverðum Dýrafirði verði á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða. Þar er fyrst og fremst um að ræða kræklingaleirur en einnig klóþangsklungur, hvoru tveggja vistgerðir með mjög hátt verndargildi. Þetta svæði í heild er viðkvæmt fyrir breytingum á seltu vegna þverunar Dýrafjarðar. Straumar eru nú þegar breyttir og því mikilvægt að raska ekki svæðinu frekar með auknu álagi t.d. ef breytingar verða á innkomu ferskvatns vegna áhrifa frá þessum virkjunaráformum í botni Dýrafjarðar. Rennslisvirkjanir af þessum toga hafa alla jafna ekki mikil áhrif á ferskvatnsrennsli til sjávar en þar sem í báðum virkjunum er fjallað um mögulega dægurmiðlun þá er ekki hægt að útiloka að breytingar verði á rennslinu. Þetta þarf að fjalla betur um í umhverfismati skipulagsins.

Náttúrufræðistofnun telur að betur þurfi að standa að athugunum á náttúrufari á svæðinu áður en ákvarðanir eru teknar um endanlegt deiliskipulag í tengslum við þessi áform um uppbyggingu tveggja vatnsaflsvirkjana í botni Dýrafjarðar. Mælt er með að farið sé í athuganir á fuglalífi, gróðurfari og jarðminjum (sérstaklega steingervingum) á svæðinu. Einnig þarf að meta mjög vandlega hvort og hvernig starfsemi virkjananna hafi áhrif á viðkvæmt lífríki á fjörusvæðum sem metið er með hátt verndargildi.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála.

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Viðhengi

image001.png (5 KB)

image001.png (434 KB)

image001.png (5 KB)